

Fimmtudaginn 20. janúar 1977.

Nr. 95/1975. **Magnús Bjarnfreðsson**
Richard Björgvinsson
Axel Jónsson
Stefnir Helgason
Jóhann H. Jónsson og
Sigurður Helgason
 (Jón E. Ragnarsson hrl.)
 gegn
Gísla Ólafi Péturssyni
 (sjálfur).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 25. júlí 1975. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að fjárhæð sú, sem honum er dæmd í héraðsdómi til að standa straum af birtingu dóms, verði hækkuð svo og málskostnaður. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi gagnáfrýjaði ekki málinu, og koma því kröfur hans um framangreinda hækkun fjárhæðar eigi til greina, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Ummæli þau um stefnda, sem hann krefst ómerkingar á, eru í ályktun bæjarstjórnar Kópavogs 27. september 1974. Áfrýjendur voru þá bæjarfulltrúar. Stóðu þeir að samþykkt ályktunarinnar. Er málssókninni réttilega beint að þeim.

Áfrýjendur hafa eigi fært sönnur á sannindi ummælanna, og ákvæði 239. gr. almennra hegningarlaga á hér eigi við, svo sem ótvírætt er af orðalagi þess. Ummæli þessi eru meiðandi fyrir stefnda, og ber að ómerkja þau samkvæmt kröfu hans. Haggar það ekki þeirri niðurstöðu, þótt ósannað

sé, að áfrýjandinn Richard Björgvinsson hafi viðhaft þau orð á fundi fræðsluráðs Kópavogs 21. ágúst 1974, sem stefndi hermdi upp á hann í bókun sinni í fundargerð fræðsluráðs 27. s. m. Eigi breytir það heldur niðurstöðunni, þótt bæjarstjórn hafi verið rétt og eftir atvikum skylt að fjalla um málefni, sem til umræðu eru í fastanefndum, sbr. 26. gr. samþykktar um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar nr. 112/1972.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda 20.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Magnús Bjarnfreðsson, Richard Björgvinsson, Axel Jónsson, Stefnir Helgason, Jóhann H. Jónsson og Sigurður Helgason, greiði stefnda, Gísla Ólafi Péturssyni, 20.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 11. júlí 1975.

Mál þetta var tekið til dóms, að loknum munnlegum málflutningi, 30. júní sl. Málið var höfðað með stefnu, útgefinni 22. nóvember 1974, birtri þann dag og 23. nóvember, en málið var þingfest 5. desember 1974. Stefndandi málsins er Gísli Ólafur Pétursson, Snælandi við Grenigrund 2B í Kópavogi, en stefndu eru Magnús Bjarnfreðsson, Lundarbrekku 4, Richard Björgvinsson, Nýbýlavegi 47, Axel Jónsson, Nýbýlavegi 26 B, Stefnir Helgason, Hlíðarvegi 8, Jóhann H. Jónsson, Nýbýlavegi 26, og Sigurður Helgason, Þinghólsbraut 53, allir í Kópavogi. Stefndu voru þá allir bæjarfulltrúar í Kópavogi.

Stefnt er vegna ummæla, sem er að finna í sameiginlegri tilögu, er stefndu voru flutningsmenn að, að undanskildum hinum síðastnefnda, Sigurði Helgasyni, en tillaga þessi var borin fram á 232. fundi bæjarstjórnar Kópavogs og samþykkt í heyranda hljóði hinn 27. september 1974 og síðan dreift til fjölmiðla, en stefndandi telur ummæli þessi niðrandi í sinn garð. Sigurði Helgasyni er stefnt fyrir að stuðla að framgangi ummælanna og sam-

þykkt þeirra á fyrrnefndum fundi. Stefnandi sækir mál þetta út af eftirfarandi undirstrikuðum ummælum: „Einn fræðsluráðsmanna, Gísli Ólafur Pétursson, gerði, eftir að umrædd staða hafði verið veitt, þann samanburð, með eigin viðbótum, á umsækjendum, sem birtur var í dagblaði nú nýlega. Tilefni þess var, að hans eigin sögn, sbr. bókun, sem fylgdi samanburðinum, ummæli annars fræðsluráðsmanns á fyrri fundi ráðsins, er Gísli gerði honum upp og rangfærði . . .“. Upphaflega var Björgvin Sæmundssyni, bæjarstjóra í Kópavogi, einnig stefnt, en síðar var fallið frá kröfum á hendur honum.

Upphaflegar kröfur stefnanda voru:

að fá ómerkt með dómi ummæli, er stefnandi taldi niðrandi í sinn garð, sem er að finna í áðurnefndri tillögu frá 232. fundi bæjarstjórnar Kópavogs, sem fimm fyrstu hinna stefndu voru flutningsmenn að. Þá var einnig stefnt bæjarstjóra Kópavogs, Björgvin Sæmundssyni, og bæjarfulltrúanum Sigurði Helgasyni. Kröfur á hendur þeim voru óljósar. Þá krafðist stefnandi, að stefndu yrði gert með dómi að greiða málskostnað að mati dómara og standa straum af öllum kostnaði við birtingu dómsins.

Stefndu gerðu í upphafi þær dómkröfur, að þeir yrðu allir og hver einstakur sýknaður, en stefnanda yrði gert að greiða málskostnað að skaðlausu að mati réttarins eða eftir málskostnaðarreikningi. Varðandi stefndu Sigurð og Björgvin, hvorn um sig eða báða, var krafist frávísunar með tilvísun til 70. gr. og 116. gr. laga nr. 85/1936. Í þessum þætti málsins var sérstaklega krafist málskostnaðar. Í þinghaldi 6. febrúar 1975 var samþykkt að draga kröfur á hendur stefnda Björgvin Sæmundssyni til baka, og í þinghaldi 13. febrúar 1975 varð samkomulag um, að gerðar yrðu sömu kröfur á hendur Sigurði Helgasyni og hinum 5 stefndu í málinu.

Kröfur stefnanda eru því:

- að stefndu þoli ómerkingu hinna umstefndu ummæla,
- að þeir standi straum af kostnaði við birtingu dómsins,
- að þeir greiði málskostnað að mati dómsins.

Dómari gætti leiðbeiningarskyldu sinnar í þinghöldum svo og milli þinghalda gagnvart stefnanda, er flytur mál sitt sjálfur.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Málavextir.

Síðla sumars 1974 var veitt staða skólastjóra í Snælandsskóla

í Kópavogi. Umsækjendur um stöðu þessa voru þrír karlar og ein kona. Áður en staðan var veitt, voru umsóknir um stöðuna til meðferðar hjá fræðsluráði Kópavogs, sem afgreiddi þær til bæjarstjórnar 15. júlí 1974, þar sem fræðsluráð mælti með einum umsækjanda og öðrum til vara, eins og venja er.

Hinn 16. ágúst afgreiddi bæjarstjórn fundargerð fræðsluráðs frá 15. júlí. Í afgreiðslu bæjarstjórnar er óskað eftir skriflegri greinargerð fræðsluráðs. Í greinargerðinni er óskað eftir því, að fram komi mat fræðsluráðs á hæfni umsækjenda til starfa við skólastjórn í Kópavogi yfirleitt svo og varðandi þessa sérstöku stöðu.

Fyrri hluta ágústmánaðar hóf stefnandi þessa máls störf í fræðsluráði. Tók stefnandi síðar að sér að semja greinargerð í þessa átt. Tveir fundir voru haldnir í fræðsluráði dagana 21. og 27. ágúst. Á fræðsluráðsfundi 21. ágúst voru m. a. mættir stefnandi og stefndi Richard Björgvinsson. Stefnandi kveður umræður hafa orðið á fundi þessum um veitingu stöðunnar. Leiddu þessar umræður til bókana á næsta fundi fræðsluráðs þann 27. ágúst. Stefnandi óskaði þá eftir svohljóðandi bókun: „Meðfylgjandi sam-
anburður umsókna um starf skólastjóra við Snælandsskóla í Kópavogi er gerður vegna ummæla eins skólanefndarmanna, Richards Björgvinssonar, á 25. fundi nefndarinnar 21. ágúst 1974, en þar lýsti hann yfir þeirri skoðun sinni, að enn hefði engin hæf kona sótt um starf sem skólastjóri í Kópavogi. Richard Björgvinsson er einn þeirra, sem tók sjálfur persónulega afstöðu til þeirra fjögurra umsókna, sem hér um ræðir. Þetta erindi óskast bókað í fundargerð, en samanburðurinn verði fylgirit fundar-
gerðarinnar, jafnframt því sem vinsamlegum tilmælum er beint til Richards Björgvinssonar þess efnis, að hann geri grein fyrir, hvenær hann álíti konu hæfa til starfa sem skólastjóri við grunn-
skóla í Kópavogi“.

Í framhaldi af þessu óskaði stefndi Richard eftir svohljóðandi bókun: „Vegna bókonar Gísla Ól. Péturssonar á fundi fræðsluráðs Kópavogs 27. ágúst 1974 óska ég að taka eftirfarandi fram. Á fundi fræðsluráðs 21. ágúst s.l. var lítilllega rætt um stöðu konunnar í þjóðfélaginu, hjónabandi o. fl. vegna bréfs til fræðsluráðs um alþjóða kvennaárið 1975. Að mig minnir lét Gísli þau orð falla í þessu sambandi, að hann undraðist, að engin kona skyldi vera skólastjóri í Kópavogi. Ég sagði þá, að ástæðan hlyti að vera sú, að enn hefði engin kona sótt um slíkt starf, sem talin hefði verið hæfari en aðrir umsækjendur á hverjum tíma. Skoðun

mín er sú, að kona sé hvorki óhæfari né hæfari til einhvers ákveðins starfs vegna þess eins, að hún er kona, og sama gildi um bæði kyn“. Áðurnefnd greinargerð var síðan látin fylgja fundargerð fræðsluráðs til bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Hinn 25. september 1974 birtist grein í einu dagblaða Reykjavíkurborgar. Grein þessi er að hluta byggð á fundargerð fræðsluráðs frá 27. ágúst. Í greininni eru m. a. birtar niðurstöður, er fram komu í greinargerð fræðsluráðs varðandi umsóknir um áðurnefnda skólastjórstöðu og veiting stöðunnar gagnrýnd, en hún hafði þá farið fram.

Hinn 27. september 1974 var fundur haldinn í bæjarstjórn Kópavogs. Á fundinum var lögð fram tillaga, er stefndu stóðu að, að undanskildum stefnda Sigurði Helgasyni. En allir hinir stefndu, þ. á m. stefndi Sigurður Helgason, samþykktu tillöguna. Fundargerð þessi var síðan send fjölmiðlum sem einhvers konar svar við áðurnefndri blaðgrein.

Í fundargerð þessari eru m. a. ummæli þau, er stefnt er út af.

Verður nú rakið það helsta, sem fram hefur komið í aðiljaskýrslum og vitnaleiðslum hér fyrir dómnum. Í þinghaldi 14. mars 1975 kom einn hinna stefndu, Richard Björgvinsson, fyrir dóminn. Honum var sýnt endurrit fundargerðar fræðsluráðs frá 27. ágúst 1974. Var þá borin undir hann bókun hans frá áðurgreindum fundi. Kannaðist stefndi við fundargerðina og kvaðst telja hana rétta, og sérstaklega aðspurður um bókun hans sjálfs, staðfesti stefndi hana og kveður hana vera rétta frásögn sína af orðum hans á fræðsluráðsfundi 21. ágúst. Þá var og borin undir stefnda Richard bókun stefnanda frá sama fundi og stefndi spurður, hvort þar sé rétt frásögn af orðum hans á umgetnum fundi 21. ágúst 1974. Stefndi kvað svo ekki vera og vísar í því sambandi til fyrrnefndrar bókunar.

Þá komu fyrir dóminn stefnandi málsins og gaf aðiljaskýrslu. Var hann spurður að því, hvort hann gæti tilgreint orðrétt orð stefnda Richards Björgvinssonar á umdeildum fræðsluráðsfundi 21. ágúst 1974 og tilefni og samhengi þeirra ummæla. Stefnandi taldi sig muna, að innihald bókunarinnar væri rétt, og kvaðst vera viss um, að stefndi Richard hafi notað orðin „engin hæf kona“, en ekki „sem talin hefði verið hæfari“. Stefnandi kvaðst ekki geta farið orðrétt með önnur orð stefnda Richards frá fyrrgreindum fundi, en efnislega sé það rétt, sem fram komi í bókun hans, enda kvað hann þau byggð á minnisblöðum frá fundinum. Stefnandi svaraði spurningu um það, hvort hann vildi útiloka, að hann

hefði misskilið eða misheyrt framangreind ummæli, neitandi í aðiljayfirheyrslu, en leiðrétti það síðan með yfirlýsingu, sem reyndar var mótmælt af lögmanni stefndu, þar sem segir, að vegna orðalags spurningarinnar hafi svar e. t. v. verið óljóst, en meaning hans hafi verið að neita því, að um misskilning eða misheyrn gæti verið að ræða. Þá var stefnandi spurður að því, hvort honum væri kunnugt um, að fundargerðir fræðsluráðs væru opinber skjöl, sem færu víða. Svaraði stefnandi því játandi, en tekur fram, að trúnaðarmál fari ekki með fundargerðum. Hafi hann ekki stimplað þetta sem trúnaðarmál, en kveður það hafa átt að vera ljóst, að svo ætti með það að fara. Stefnandi óskaði að taka það fram, að hann vændi stefnda Richard alls ekki um vísitandi ósannsögli, en skrifi það á reikning eðlilegrar gleymsku, þar sem málið hafi líklega ekki setið eins mikið í honum og það hafi setið í stefnanda, en ein vika hafi liðið milli áðurnefndra funda fræðsluráðs. Vitnið Vilborg Harðardóttir blaðamaður kvaðst hafa samið áðurnefnda blaðagrein og hafi hún verið byggð á fundargerðum fræðsluráðs frá 21. og 27. ágúst sl. Vitnið Andrés Kristjánsson fræðslustjóri var að því spurt, hvort það minntist þess, að stefndi Richard hafi á fræðsluráðsfundi 21. ágúst 1974 viðhaft þau ummæli, að enn hefði engin hæf kona sótt um starf sem skólastjóri í Kópavogi. Kvaðst vitnið minnst umræðna um þetta, en ekki minnst þess, að stefndi Richard hafi viðhaft þessi orð nákvæmlega, en kvað auðvitað eitthvað geta hafa farið fram hjá sér. Þá kom fyrir dóminn stefndi Magnús Bjarnfreðsson. Aðspurður um, hvaða gögn hann hafi lagt til grundvallar við flutning tillögu þeirra stefndu á bæjarstjórnarfundi 27. september 1974, sem inniheldur hin stefndu ummæli, kvað hann það fyrst og fremst hafa verið greinargerð stefnanda og bókanir hans og stefnda Richards Björgvinssonar í fræðsluráði. Þar sem bæjarstjórn hafi ekki haft gögn um orðaskiptin í fræðsluráði en fundargerðina, taldi stefndi þá bæjarfulltrúa, sem stefnt hefur verið, hafa talið nauðsynlegt að víta þessi ummæli, sérstaklega eftir að þau hafi verið birt opinberlega í einu dagblaðanna.

Niðurstaða.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að hin tilgreindu ummæli verði dæmd ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Rökstyður hann kröfu sína með því, að ummæli stefndu í garð stefnanda séu án saka við hann og án þess að hann hafi gefið tilefni til þeirra og án þess að þau styðjist við veruleikann

nema á hinn allra hæpnasta máta, að því er stefnandi telur. Þá krefst stefnandi og að stefndu verði dæmdir til þess að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins, og málskostnaðar krefst hann að skaðlausu að mati dómsins. Refsikröfur eru ekki gerðar í málinu.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda. Þá krefjast þeir málskostnaðar sér til handa að skaðlausu. Rökstyðja þeir kröfur sínar með því, að vegna framkomu og atferlis stefnanda hafi þeir átt rétt til andsvara, þ. e. retorsio, og telja þeir viðbrögð sín vægari en stefnanda. Þá telja stefndu, að eins og málum er háttað, þá eigi þeir sem bæjarstjórnarfulltrúar rétt til aukinnar réttarverndar samkvæmt meginreglum 2. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar. Einnig komi til skoðunar laganauðsýn óhindraðs málfrelsis og skoðanafrelsis stjórnámálanna. Þá telja stefndu, að þar sem krafist sé ómerkingar á löglegri samþykkt bæjarstjórnar, þá verði slík samþykkt eða einstök orð ekki ómerkt af dómstólum, heldur hefði stefnandi átt að leita skaðabóta, ef efni stæðu til. Þá hefði stefnanda verið réttara að stefna forseta bæjarstjórnar f. h. bæjarstjórnar í máli þessu, en ekki einstökum fulltrúum í bæjarstjórninni.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja ósannað, hvaða orð stefndi Richard Björgvinsson viðhafði á fundi fræðsluráðs 21. ágúst sl. Gagnstæðar bókanir stefnanda og stefnda Richards leiddu síðan til blaðaskrifa og samþykktar bæjarstjórnar Kópavogs hinn 27. september 1974, sem telja verður innihalda óviðurkvæmileg orð í garð stefnanda, enda hefur réttmæti þeirra ekki verið sannað. Þar sem kröfur stefnanda varðandi ummæli þessi eru kröfur um ómerkingu, en ekki refsikröfur, verður ekki tekin afstaða til 239. gr. almennra hegningarlaga, þ. e. hvort stefndu hafi verið að gjalda líku líkt. Ekki verður talið, að bæjarstjórn njóti verndar samkvæmt 2. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar. Þá verður ekki talið, að 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði eigi að valda sýknu í máli þessu.

Hin tilvitnuðu ummæli í samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs frá 27. september 1974, sem stefndu stóðu að, „er Gísli gerði honum upp og rangfærði“, ber því að ómerkja með vísan til 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Þá þykir samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga bera að dæma stefndu in solidum til þess að greiða kostnað við birtingu dómsins í opinberu blaði, en sá kostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000. Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu in solidum til þess

að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðnin kr. 15.000.

Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndu, Magnús Bjarnfreðsson, Richard Björgvinsson, Axel Jónsson, Stefnir Helgason, Jóhann H. Jónsson og Sigurður Helgason, greiði stefnanda in solidum kr. 20.000 til að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins í opinberu blaði og kr. 15.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. janúar 1977.

Nr. 143/1974. **Carl J. Eiríksson**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Barnavinafélaginu Sumargjöf og gagnsök

(Páll S. Pálsson hrl.).

Riftun gjafagernings. Lögræði. Óskipt sameign. Hefð. Ómerking. Frávisun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1974. Hann krefst þess, að gagnáfrýjanda „verði dæmt skylt að þola riftun gjafabréfs, dags. 11. apríl 1949, fyrir eigninni Steinahlíð við Suðurlandsbraut í Reykjavík að hluta áfrýjanda, þ. e. að $\frac{1}{3}$ hluta“. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 13. september